

39. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álfatars,
Miðvikudaginn 8. maí 2024, kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Hulda Gunnarsdóttir, Bragi Þór Thoroddsen, Sigurdís Samúelsdóttir, Kjartan Geir Karlsson og Jóhann Birkir Helgason.

Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .

1. Langeyrarvegur 21, umsókn um lóð - 2110008

Tekin fyrir lóðarúthlutun lóðarinnar við Langeyrarveg 21. Aðaluppdráttum hefur ekki verið skilað inn til byggingarfulltrúa.

Skv. 10. gr. í gjaldskrá fyrir gatnagerðargjöld, stofngjald vatnsveitu, stofngjald holræsa og byggingarleyfisgjöld í Súðavíkurhreppi segir "Hafi teikningar af fyrirhuguðu húsi ekki borist byggingarnefnd til samþykktar innan 6 mánaða frá úthlutun lóðar, er heimilt að fella lóðarúthlutunina úr gildi og endurgreiðist þá gatnagerðargjaldið.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, þ.e. að lóð fellur aftur til sveitarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu byggingarleyfis, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest."

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að lóðin verði afturkölluð.

Samþykkt

2. Langeyrarvegur 15, umsókn um lóð - 2212003

Tekið fyrir að nýju umsókn Matthúasar Troost um umsókn um lóð við Langeyrarveg 15.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og framkvæmdanefnd lagði til við sveitarstjórn að lóðinni yrði úthlutað á fundi sínum þann 11. janúar 2023. Aðaluppdráttum hefur ekki verið skilað inn og framkvæmdir því ekki hafnar.

Skv. 10. gr. í gjaldskrá fyrir gatnagerðargjöld, stofngjald vatnsveitu, stofngjald holræsa og byggingarleyfisgjöld í Súðavíkurhreppi segir "Hafi teikningar af fyrirhuguðu húsi ekki borist byggingarnefnd til samþykktar innan 6 mánaða frá úthlutun lóðar, er heimilt að fella lóðarúthlutunina úr gildi og endurgreiðist þá gatnagerðargjaldið.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, þ.e. að lóð fellur aftur til sveitarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu byggingarleyfis, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest."

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að lóðin verði afturkölluð.

Samþykkt


JBH

HG

BTH

3. Umsókn um lóð undir vinnuvélar - 2402006

Tekið fyrir erindi frá Græjað og Gert þar sem sótt er um lóð undir vélar og tæki fyrirtækisins sem ekki er á snjóflóðahættusvæði.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að fyrirtækið Græjað og gert fái úthlutað svæði sem afmarkast af byggingarreit við Langeyrarveg 15.

Nefndin leggur til að gerður verði afnotasamningur til tveggja ára með framlengingarákvæði við fyrirtækið. Í samningi skal tilgreint að ef sótt er um lóðina falli samningur úr gildi. Jafnfram skal tiltaka um frágang svæðisins, ekki verði heimilt að staðsetja olíutank né að viðhald véla fari fram á svæðinu.

Samþykkt

4. Framkvæmdaleyfi vegna skógræktar á Eyri í Seyðisfirði - 2312002

Tekið fyrir að nýju umsókn um framkvæmdaleyfi til skógræktar á lögbýlinu Eyri í Seyðisfirði.

Erindið var sent til umsagnar 1. febrúar sl.

Engar umsagnir bárust.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt á Eyri í Seyðisfirði enda er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi Súðavíkurhrepps.

Samþykkt

5. Heitir og kaldir pottar við Súðavíkurskóla - 2306005

Tekið fyrir að nýju erindi er varðar staðsetningu á heitum potti. Erindið var tekið fyrir á 35. fundi og lagt til við sveitarstjórn að vinna málið áfram og láta vinna kostnaðaráætlun fyrir framkvæmdirnar.

Nú er lögð fram tillaga að staðsetningu potts á Langeyri.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd tekur jákvætt í að heitir pottar verði settir í fjöruborð neðan við Langeyrarveg og aðstöðu á lóðinni við Langeyrarveg 21.

Nefndin leggur til að framkvæmdin verði kynnt fyrir lóðarhöfum á Langeyri.

Samþykkt

6. Umhverfisátak í Súðavík 2024 - 2405000

Umhverfisátak í Súðavík maí/júní 2024. Staða á stöðuleyfum fyrir gáma ofl.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að farið verði í umhverfisátak í maí / júní. Farið verði í að fjarlægja númerlausa bíla, stöðuleyfi fyrir gáma verði ekki endurnýjuð og að þeir fari á geymslusvæðið í Árdal. Fiskeldisbúnaði verði fundinn staður við Njarðarbraut.

Samþykkt

7. Sorpmál í Reykjanesi - 2405001

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Jóni Heiðari dags. 18. apríl sl. er varðar sorpmál í Reykjanesi.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til að farið verði yfir sorpmál í Ísafjarðardjúpi og að þau verði samræmd.

Samþykkt

8. Lausar lóðir í Súðavík 2024 - 2405002

Tekinn fyrir listi fyrir lausar lóðir í Súðavík

Lagt fram til kynningar.

Samþykkt

9. Umsókn um byggingarleyfi, Langeyrarvegur 19 - 2105002

Tekin fyrir fyrspurn frá Alexander Bjarka Svavarssyni dags. 7. maí 2024 er varðar breytingar á húsinu við Langeyrarveg 19, mhl. 4. Um er að ræða að hækka lofthæðina að sunnanverðu í 5 m og í 4,5 m norðan megin.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd getur fallist á að húsið verði hækkað enda er gert ráð fyrir í deiliskipulagi að hámarkshæð húss sé 5 metrar.

Samþykkt

10. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku og efnisvinnslu í Mjóafirði - 2405003

Tekið fyrir erindi frá Guðmundi S. Péturssyni fyrir hönd Vegagerðarinnar dags. 8. maí 2024 þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku og efnisvinnslu í landi Eyrar í Mjóafirði fyrir allt að 3000 rúmmetra af malarslitlagi.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir erindið en ítrekar það sem fram kemur í erindinu að gengið verði frá námunni við lok framkvæmda.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 19:00.

Hulda Gunnarsdóttir
Hulda Gunnarsdóttir

Bragi Þór Thoroddsen
Bragi Þór Thoroddsen

Sigurdís Samúelsdóttir
Sigurdís Samúelsdóttir

Kjartan Geir Karlsson
Kjartan Geir Karlsson

Jóhann Birkir Helgason
Jóhann Birkir Helgason

. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar
08.05.2024